



**Til:** Páls Björgvins Guðmundssonar, framkvæmdastjóra SSH  
**Frá:** Ingu Hlín Pálsdóttur verkefnastjóra; Jóni Kjartani Ágústssyni svæðisskipulagsstjóra  
**Varðar:** Minnisblað um fjármögnun markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins  
**Málsnr:** 2102010  
**Dags:** 30.09.2021

---

Á 519. fundi stjórnar SSH, þann 1. febrúar 2021 voru áhersluverkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2021 samþykkt og SSH falið að hefja undirbúning og framkvæmd þeirra. Eitt þeirra áherslu verkefna er voru samþykkt var mótun samstarfs og skipulag um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífsins og annarra hagaðila eins og við á. Tillögur ráðgjafahóps um verkefnið voru teknar fyrir á 525. fundi stjórnar SSH, þann 7. júní 2021 þar sem samþykkt var að halda vinnunni áfram í annan áfanga, og skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Þar verði horft til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hafi farið fram um verkefnið í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis.

Í verkefnalýsingu fyrir áhersluverkefni sóknaráætlunar segir að lokaafurð verkefnisins verði:

*Að komið sé af stað öflugu samstarfi hagaðila á höfuðborgarsvæðinu með stofnun áfangastaðastofu sem styður við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærni og aukinnar samkeppnishæfni – bæði innanlands og alþjóðlega. Samstarf og fjármögnun verkefnisins sé tryggð til næstu ára með stjórnvöldum, sveitarfélögum, atvinnulífinu og öðrum hagaðilum eins og við á.*

#### **Aðkoma ríkis að stofnun og rekstur markaðs- og áfangastaðastofu**

Formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og ráðgjafi verkefnisins (Inga Hlín Pálsdóttir) áttu fund með ráðherra ferðamála ásamt skrifstofustjóra ferðamála og nýsköpunar í lok júní 2021 um aðkoma stjórnvalda að stofnun markaðs- og áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins. Þann 7. september barst bréf frá ráðuneytinu til SSH þar sem að það staðfestir að svigrúm sé til að heildarframlag til stofnunar áfangastaðastofu gæti numið 22 m.kr. árlega í þrjú ár. Það sé í samræmi við samninga og framlög Ferðamálastofu til flestra áfangastaðastofa annars staðar á landinu. Yrði þá gerður samskonar samningur við SSH og hefur verið gerður við önnur landshlutasamtök um stofnun áfangastaðastofu og Ferðamálastofa myndi í framhaldinu gera samning um framkvæmd og fjárframlag. Hluti fjármagnsins yrðu að vera eyrnamerkur rekstur stofnunar og hluti í þróunarverkefni tengt verkefnum stofnunar.

#### **Frumtillögur að stofnkostnað og rekstraráætlun**

Gert er ráð fyrir að stofn og árlegur rekstrarkostnaður skiptist milli ríkis, sveitarfélaga og hagaðila.

Í fyrri áfanga verkefnisins voru mótuð drög að kostnaðaráætlun fyrir stofnun og rekstur markaðs- og áfangastaðastofu fyrir höfuðborgarsvæðið sem ráðgjafahópur verkefnisins rýndi. Taldi hópurinn að stofn- og rekstrarkostnaður fyrir fyrsta árið gæti verið um 250 m.kr. fyrir fyrsta árið. Gert var ráð fyrir að fullstofnuð stofa hefði 9 starfsmenn og tekur kostnaðaráætlun mið af því. Einnig var gert ráð fyrir 5 m. kr. í stofnkostnað og 50 m. kr. í markaðsherferð. Sjá nánari útfærslu í mynd 1 ásamt fylgiskjali 1 er varðar starfsmenn.



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Drög kostnaðaráætlun - 1 ár / með fyrirvörum	
	Gjöld
Stofnkostnaður	5.000.000
Almennur rekstur og launakostnaður	133.000.000
Stefna, framtíðarsýn, þróun og tölfærði	33.000.000
Markaðsmál innanlands og erlendis	72.000.000
Samstarfsaðilar og upplýsingamiðlun	2.000.000
Ófyrirséður kostnaður	5.000.000
Samtals	250.000.000

### Mynd 1

#### Stofnkostnaður

Eigendur markaðs- og áfangastaðastofu þyrftu að leggja til stofnfé og væri æskilegt að horfa til þess að stofnkostnaður dreifist jafnt á stofnaðila. Verkefnastjóri hefur átt í viðræðum við m.a. Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) og Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) um aðkomu að stofnun skrifstofunnar. Aðilar hafa sýnt því áhuga að vera stofnaðilar en bíða þess að eigendur verkefnisins taki ákvörðun um áframhald þess, áður en tillaga að þátttöku er lögð formlega fyrir stjórnir samtakanna. Stofnkostnaður myndi dreifast jafnt á eigendur (sveitarfélög og hagaðila) og á væri á bilinu 500.000 til 550.000 per. aðila, allt eftir því hversu margir myndu taka þátt í stofnun stofunnar.

#### Fjármagn frá hagaðilum í rekstur

Þátttaka fyrirtækja í rekstri á markaðs- og áfangastaðastofu byggist á þátttökugjaldi og gæti upphæð því verið breytileg eftir árum, auk þess sem þátttökugjald þyrfti að ákvarða með stjórn og eigendum stofunnar eftir að hún hefur verið stofnuð.

Það er mat verkefnastjóra verkefnisins að fyrst um sinn mætti áætla að fjármagn frá fyrirtækjum gæti numið um 10 – 12 milljónir, en að upphæðin tæki breytingum ár frá ári eftir þróun á rekstrarumhverfi ferðaþjónustunnar.

Ekki er talið að stofnunni standi til boða aðrar sértekjur nema í einstaka tilfellum þar sem um er að ræða sölu á sértækum vörum eins og Reykjavík City Card. Ekki er vitað til þess að aðrar markaðs- og áfangastaðastofur á landinu hafi frekari sértekjur í rekstur stofunnar, umfram þátttökugjald fyrirtækja.

#### Fjármagn frá sveitarfélögum í rekstur

Sveitarfélögin eru megin drifkraftur í fjármögnun og rekstur markaðs- og áfangastaðastofu. Talið er að sveitarfélögin þurfa að leggja fram fjármagn um 190 milljónir króna á ári miðað við gefnar forsendur hér að ofan, þátttöku ríkisins og þátttöku hagaðila á ársgrundvelli. Horft er til þess að hægt sé að sækja um fjármagn í sértæk verkefni í sóknaráætlun. Greiðsluskipting milli ríkis, sveitarfélaga og hagaðila gæti því orðið svohljóðandi á ársgrundvelli til að byrja með en horft er til þess að rekstrarstaða fyrirtækja lagist á næstu árum:



## Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Pátttaka sveitarfélaga	190.000.000
Pátttaka stjórnvalda	22.000.000
Pátttaka fyrirtækja	12.000.000
Sóknaráætlun	10.000.000
	234.000.000

### Greiðsluskipting milli sveitarfélaga

Algengasta fyrirkomulag greiðsluskiptingar milli sveitarfélaga byggist á föstu gjaldi per. íbúa. Miða við gefnar forsendur gæti greiðsluskipting fyrir rekstur áfangastaðastofu milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu orðið svohljóðandi, að frádreginni kostnaðarhlutdeild ríkisins og áætlaðri hlutdeild hagaðila:

Heiti sveitarfélags	Íbúafj. 2. ársfj. 2021	% íbúafjöldi	1. Skipting m.v. hlutfall af íbúafjölda
Reykjavíkurborg	134,000	56.3%	107,010,760
Kópavogsbær	38,760	16.3%	30,953,262
Seltjarnarnesbær	4,690	2.0%	3,745,377
Garðabær	18,060	7.6%	14,422,495
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,530	12.4%	23,582,297
Mosfellsbær	12,880	5.4%	10,285,810
Samt.	237,920	100.0%	190,000,000
			Per íbúa
			798.59 kr

Einnig voru skoðaðar aðrar útfærslur á greiðsluskiptingu sem tækju mið af álagningu fasteignagjalda sveitarfélaga af gististarfsemi, ásamt föstu gjaldi per íbúa. Eftir umræður í ráðgjafahópnum í áfanga 1 var ákveðið að óska einnig efir eftir upplýsingum um fasteignamat vegna gististarfsemi frá Þjóðskrá fyrir árið 2022 fyrir þennan útreikning. Hafa ber í huga að þesskonar greiðsluskipting þekkist ekki hjá öðrum sambærilegum áfangastaðastofum.

Miða við gefnar forsendur að sveitarfélög greiddu 500 kr. per íbúa og afgangur skiptist í hlutfalli við álagningu vegna gististarfsemi, yrði greiðsluskipting svohljóðandi:

Sveitarfélag	Íbúafj.	Samtök	%	Samtök	Samtök	Samtök
Reykjavíkurborg	134,000	1,350,333,292	95%	67,000,000	67,165,164	134,165,164
Kópavogsbær	38,760	31,394,937	2%	19,380,000	1,561,575	20,941,575
Seltjarnarnesbær	4,690	-	0%	2,345,000	-	2,345,000
Garðabær	18,060	3,661,210	0%	9,030,000	182,107	9,212,107
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,530	38,384,708	3%	14,765,000	1,909,244	16,674,244
Mosfellsbær	12,880	4,461,444	0%	6,440,000	221,911	6,661,911
Samt.	237,920	1,428,235,591	100%	118,960,000	71,040,000	190,000,000

Virðingarfyllst,

Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi  
Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

## Fylgiskjal 1

### Starfsmenn

<b>Framkvæmdastjóri</b>	1
<b>Fjármál, bókhald og utanumhald skrifstofu</b>	1
Verkefnisstjóri <i>Ritstjórn, vefmál og svörun fyrirspurna</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Efnisgerð og miðlun - samfélagsmiðlar &amp; viðburðir</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Almannatengsl &amp; upplýsingamiðlun</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Markaðsmál &amp; samskipti við hagaðila</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Markaðsmál &amp; samskipti við hagaðila</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Þróunarverkefni og tölfræði</i>	1
Verkefnisstjóri <i>Áfangastaðaáætlun / Þróunarverkefni</i>	1
	9

# Áfangastaða- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið - fjármögnun

## Fjármögnun og tekjumódel

Október 2021

Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi & Jón Kjartan Ágústsson, SSH



- Upprifjun
- Aðkoma ríkis að stofnun og rekstur markaðs- og áfangastaðastofu
- Frumtilögur að stofnkostnað og rekstraráætlun
- Fjármagn frá hagaðilum í rekstur
- Fjármagn frá sveitarfélögum í rekstur



# Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

## Tilgangur

*Stofan* sé samstarfsvettvangur sveitarfélaga og atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu um ferðamál með það hlutverk að styðja við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærri framtíðarsýn og aukinnar samkeppnishæfni.

Stofan sé áfangastaða- og markaðsstofa fyrir höfuðborgarsvæðið. Áherslan sé á þróun, kynningar og markaðsstarf ásamt samlegð og samtali hagaðila í ferðaþjónustu og tengdra aðila.

## Markmið

- Að efla vitund og þekkingu um áfangastaðinn og allt það sem svæðið hefur upp á að bjóða, jafnt fyrir ferðamenn og íbúa.
- Að þróa og efla samstarf og samlegð um málefni ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.
- Að efla samkeppnishæfni og slagkraft áfangastaðarins í alþjóðlegri samkeppni.
- Að stuðla að sátt íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um málefni ferðaþjónustunnar.
- Að styrkja stoðir og uppbyggingu ferðaþjónustunnar eftir COVID19

# Ávinningur

## af sameiginlegri áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

- Skapast skýr samstarfsgrundvöllur fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og aðra hagaðila.
- Skapast sameiginleg sýn, fókus og slagkraftur í áherslum og verkefnum bæði fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og aðra hagaðila.
- Eflist ímynd og vitund um áfangastaðinn sem eykur samkeppnishæfni svæðisins.
- Skapast starf sem getur haft jákvæð áhrif á ásýnd, orðspor og þekkingu á áfangastaðnum og því sem svæðið hefur upp á að bjóða – ásamt því að auðveldara verði að vinna með tiltekna markhópa (íbúa, ferðamanna, fjárfesta osfrv.).
- Byggist upp grunnur að framtíðar þróunarverkefnum, nýjum viðskiptum og fjárfestingum.
- Verði betri nýting á fjármunum og starfsfólki.
- Byggist upp sameiginleg þekkingu á ferðamálum og þróun svæðisins.
- Geti orðið jákvæð áhrif á að laða að og halda í hæfileika fólk.
- Skapast samstarf sem getur auðveldað bata sem og skapað tækifæri í krísum s.s. náttúruöfl eða slæma umfjöllun / COVID 19.



# Upprifjun

Á 525. fundi stjórnar SSH, þann 7. júní var samþykkt að halda vinnunni áfram í annan áfanga og skoða sérstaklega fjármögnun og tekjumódel með hagaðilum, ásamt tilflutningi verkefna. Hort yrði til þeirrar vinnu um stofnun áfangastaða- og markaðsstofu til framtíðar sem þegar hefur farið fram í áfanga 1. Formanni stjórnar og framkvæmdastjóra var falið að hefja viðræður við ríkið, sem og atvinnulífið, um fjármögnun og samstarf vegna þessa verkefnis.

Lokaafurð verkefnisins:

*Að komið sé af stað öflugri samstarfi hagaðila á höfuðborgarsvæðinu með stofnun áfangastaðastofu sem styður við þróun áfangastaðarins í átt að sjálfbærni og aukinnar samkeppnishæfni – bæði innanlands og alþjóðlega. Samstarf og fjármögnun verkefnisins sé tryggð til næstu ára með stjórnvöldum, sveitarfélögum, atvinnulífinu og öðrum hagaðilum eins og við á.*

# Aðkoma ríkis að stofnun og rekstri markaðs- og áfangastaðastofu

- Fundur með stjórnvöldum, ráðherra ferðamála og skrifstofustjóra ferðamála og nýsköpunar í lok júní
- Í byrjun september staðfesting á aðkomu með 22 mkr. árlega í þrjú ár. Í samræmi við samninga og framlög Ferðamálastofu til flestra áfangastaðastofa annars staðar á landinu.
- Sérstakur samningur við SSH eins og önnur landshlutasamtök. Ferðamálastofa gerir síðan samning um framkvæmd og fjárframlög við áfangastaðastofuna.

# Frumtillögur að stofnkostnað og rekstraráætlun

- Stofn og árlegur rekstrarkostnaður skiptist milli ríkis, sveitarfélaga og hagaðila.
- Kostnaðaráætlun m/stofnkostnaði 250 mkr. á ári
- Stofnkostnaður 5 mkr. sem dreifist jafnt á stofnaðila
  - Viðræður við Ferðamálasamtök höfuðborgarsvæðisins, SAF og SVP – bíða eftir upphæðum til þess að geta rætt við sínar stjórnir.
  - Yrði á bilinu 500.000-550.000 kr. eftir fjölda (sveitarfélögin og samtökin)

# Frumtillögur að stofnkostnað og rekstraráætlun – ráðgjafahópur

<b>Drög kostnaðaráætlun - 1 ár / með fyrirvörum</b>	
	<b>Gjöld</b>
<b>Stofnkostnaður</b>	5.000.000
<b>Almennur rekstur og launakostnaður</b>	133.000.000
<b>Stefna, framtíðarsýn, þróun og tölfræði</b>	33.000.000
<b>Markaðsmál innanlands og erlendis</b>	72.000.000
<b>Samstarfsaðilar og upplýsingamiðlun</b>	2.000.000
<b>Ófyrirséður kostnaður</b>	5.000.000
<b>Samtals</b>	<b>250.000.000</b>

# Fjármagn frá hagaðilum í rekstur

- Þátttaka fyrirtækja byggist á þáttökugjaldi og getur sú upphæð verið breytileg eftir árum.
- Þáttökugjald þarf að ákvarða með stjórn og eigendum stofunnar eftir að hún hefur verið stofnuð.
- Varlega áætlað má ef til vill gera ráð fyrir 10-12 milljónum frá fyrirtækjum – eftir því hvernig þróun á rekstrarumhverfi er.

# Fjármagn frá sveitarfélögum í rekstur

- Sveitarfélögin eru drifkraftur í fjármögnun og rekstur markaðs- og áfangastaðastofu.
- Tillögur að greiðsluskiptingu og fjárhæðum **(til umræðu)**:

Þátttaka sveitarfélaga	190.000.000
Þátttaka stjórnvalda	22.000.000
Þátttaka fyrirtækja	12.000.000
Sóknaráætlun	10.000.000
	234.000.000

# Greiðsluskipting milli sveitarfélaga

- Alhengasta fyrirkomulag greiðsluskiptingar milli sveitarfélaga byggist á föstu gjaldi per. íbúa.

Heiti sveitarfélags	Íbúafj. 2. ársfj. 2021	% íbúafjöldi	1. Skipting m.v. hlutfall af íbúafjölda
Reykjavíkurborg	134,000	56.3%	107,010,760
Kópavogsbær	38,760	16.3%	30,953,262
Seltjarnarnesbær	4,690	2.0%	3,745,377
Garðabær	18,060	7.6%	14,422,495
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,530	12.4%	23,582,297
Mosfellsbær	12,880	5.4%	10,285,810
Samt.	237,920	100.0%	190,000,000
			Per íbúa
			798.59 kr

# Greiðsluskipting milli sveitarfélaga

Heiti sveitarfélags	Íbúafj.	Álagning fast.gj. v. gististarfsemi 2022	% álagning	Skipting m.v. 500 kr. per íbúa	Skipting m.v. álagningu v. gististarfsemi	Samtals
Reykjavíkurborg	134,000	1,350,333,292	95%	67,000,000	67,165,164	134,165,164
Kópavogsbær	38,760	31,394,937	2%	19,380,000	1,561,575	20,941,575
Seltjarnarnesbær	4,690	-	0%	2,345,000	-	2,345,000
Garðabær	18,060	3,661,210	0%	9,030,000	182,107	9,212,107
Hafnarfjarðarkaupstaður	29,530	38,384,708	3%	14,765,000	1,909,244	16,674,244
Mosfellsbær	12,880	4,461,444	0%	6,440,000	221,911	6,661,911
Samt.	237,920	1,428,235,591	100%	118,960,000	71,040,000	190,000,000

Einnig voru skoðaðar aðrar útfærslur á greiðsluskiptingu sem tækju mið af álagningu fasteignagjalda sveitarfélaga af gististarfsemi, ásamt föstu gjaldi per íbúa. Hafa ber í huga að þesskonar greiðsluskipting þekkist ekki hjá öðrum sambærilegum áfangastaðstofum.



Næstu skref

